

Fréttabréf MFÍK, september 2007



**Opinn félagsfundur
þriðjudaginn 25. sept. kl. 19.00
í Friðarhúsinu
(á horni Snorrabrautar og Njálsgötu)**

**Ragnhildur G. Guðmundsdóttir,
formaður Mæðrastyrksnefndar
verður gestur fundarins.**

Seldur verður léttur kvöldverður
á hóflegu verði í upphafi fundar.
Fjölmennum og tökum með okkur gesti.
Fundurinn er öllum opinn.

Ógnarmat

Styrjaldir eru glæpsamleg sóun á mannlífum, tilræði við líf, heilsu, hamingju og framtíðarvonir saklauss fólks. Fjármunum til hernaðar og vígvæðingar væri margfalt betur varið í baráttu við sjúkdóma, til menntunar og til uppbyggingar í kjölfar náttúruhamfara.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007 er lögð áhersla á frumkvæði Íslendinga í alþjóðamálum. Þar er m.a. kveðið á um að friðsamlegar úrlausnir deilumála séu nýir hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu. Að

ný ríkisstjórn harmi stríðsreksturinn í Írak og vilji leggja sín lóð á vogarskálar friðar í Írak og Miðausturlöndum m.a. með þátttöku í mannúðar- og uppbyggingarstarfi.

Að öðru leyti, segir svo, byggist stefna ríkisstjórnarinnar á þeim gildum sem legið hafa til grundvallar samvinnu vestrænna lýðræðisríkja, norrænu samstarfi og viðleitni þjóða heims til að auka frelsi í alþjóðlegum viðskiptum. Það er sem maður sjái Ragnar Reykás hverfa fyrir horn í þessum loðna viðbótarhala!

Íslendingar eiga heimtingu á að stefnan í utanríkismálum sé hrein og skýr og í samræmi við vilja þorra þjóðarinnar.

Utanríkisráðuneytið boðar um þessar mundir endurmat á utanríkisstefnu Íslendinga.

Nánar tiltekið boðar utanríkisráðherra „vandað“ ógnarmat og lofar víðtækri samvinnu allra flokka í því starfi. Mikið ríði á að vel takist til og að sátt ríki um niðurstöðuna.

Í ræðu sem Ingibjörg Sólrún utanríkisráðherra flutti á ráðstefnunni *Kapphlaupið um Norðurljólinn* sem haldin var 30. ágúst s.l. ítrekar hún þörfina á að efla umræðu um þessi mál og hlutverk okkar innan NATÓ. Þar kvað þó við tón sem vekur ugg í brjósti allra andstæðinga hernaðar. Þar segir orðrétt: „Það væri frekar á færi Íslendinga að senda sérfræðinga til verka, þegar byssurnar væru þagnaðar, til að vinna að friðaruppbyggingu.“

Má minna á að þátttaka okkar í NATÓ ber í sér að örþjóðin Íslendingar verður ekki og hefur aldrei verið spurð álitis um það sem téð bandalag tekur sér fyrir hendur. Íslendingar hafa tekið þátt í hernaði bandamanna sinna með öllum þeim víðtæka hryllingi sem það hefur leitt af sér. Er það hlutverk okkar friðelskandi þjóðar að halda áfram margboðuðum ófriði og lúskraskt svo á vettvang „þegar byssurnar eru þagnaðar“? Væri ekki nær að við tækjum þá afstöðu að standa utan allra hernaðarbandalaga og frábiðja okkur þátttöku í styrjöldum, beina sem óbeina? Utanríkisráðherra kallar eftir aukinni umræðu. Svörum því kalli! Höfum þor til að takast á hendur friðarmat í stað ógnarmats.

Stjórn MFÍK

Innanfélagsfréttir og fleira

Opnir stjórnarfundir

Stjórn MFÍK hefur öðru hvoru boðið félögum að taka þátt í opnum stjórnarfundum. Þetta hefur gefið góða raun og virkjað fleiri félaga. Ætlunin er að bjóða til slíkra funda á ný og verða þeir auglýstir jafnóðum á heimasíðu MFÍK en næsti fundur verður

Þriðjudaginn 2. október, kl. 17

í Hildibrandshúsi, Garðastræti 13.

Konur sameinast í Venesúela

Dagana 18.-20. apríl var haldin heimsráðstefna Alþjóðasambands lýðræðissinnaðra kvenna í Caracas í Venesúela. Fulltrúar MFÍK á þessari ráðstefnu voru María S. Gunnarsdóttir, formaður, Arna Ösp Magnúsardóttir, Áslaug Einarsdóttir og Sigrún Stefánsdóttir. Sagt var frá ferðinni og ráðstefnunni á fjáröflunarkvöldverði í Friðarhúsi þann 16. maí síðastliðinn.



Undirskriftalistar fyrir afnámi kjarnorkuvopna afhentir fulltrúum japönsku samtakanna Fudanren á ráðstefnunni í Caracas.

Alþjóðleg ráðstefna gegn kjarnavopnum í Japan

MFÍK var boðið að senda fulltrúa til Japan í sumar á alþjóðlega ráðstefnu gegn kjarnavopnum. Því miður barst boðið of seint til að hægt væri að þiggja það. MFÍK hefur verið í sambandi við systursamtökin FUDANREN í Japan og tók meðal annars þátt í undirskriftasöfnun fyrir afnámi kjarnavopna í heiminum sem samtökin stóðu fyrir síðastliðinn vetur.

Undirskriftalistarnir voru afhentir á fyrrnefndri ráðstefnu í Venesúela. Stefnt er að framhaldi á þessari samvinnu.

Peace Boat:

Fulltrúi *Peace Boat* hafði samband við MFÍK vegna hugsanlegrar komu bátsins til Íslands á næsta ári.

Peace Boat býður ungu fólki friðarfræðslu og hefur skipið farið yfir 60 leiðangra um heiminn, sem allir hafa haft það markmið að vekja athygli á og kynna ákveðnar kröfur eins og til dæmis afnám kjarnavopna og markvissari umhverfisvernd á heimsvísu. Von er á fulltrúum *Peace Boat* til landsins á næstunni og munu þeir þá hitta stjórn MFÍK. Frekari upplýsingar er að finna á: www.peaceboat.org/english

Maryam Namazie

Maryam Namazie hélt nýlega fyrirlestra á vegum Kvenréttindafélags Íslands, Alþjóðamálastofnunar, Siðmenntar og Skeptíkusar.

Maryam ólst upp í Íran, en fluttist þaðan ung að aldri til Indlands. Þaðan fór hún til Bandaríkjanna en býr nú í Englandi. Maryam er meðlimur í félagi fyrirverandi múslima í Bretlandi en eitt af baráttumálum þeirra er andstaða við pólitísk áhrif íslamista. Hún telur nauðsynlegt að greina að trú og stjórnsmál og álítur að þannig geti fólk lifað í friði fyrir trúarlegri forræðishyggju stjórnvalda. Hún álítur einnig að með aðskilnaði trúar og stjórnsmála séu meiri líkur til þess að mismunandi trúarhópar og trúlausir geti lifað hlið við hlið í friði. Maryam eru réttindi kvenna og barna hugleikin og hefur hún m.a. barist gegn því að skylda konur og börn að hylja höfuð sitt


með blæju, gegn ofbeldi gagnvart konum, gegn aftökum og því að fólk væri grýtt í íslömskum ríkjum. Hún vill vernda börn fyrir trú á sama hátt og við verndum þau fyrir ýmsu öðru. Hún er óhrædd við að segja að stundum sé gott að banna. Við viljum banna barnaklám og barnaprælkun.

Sem fyrrverandi múslimi hefur Maryam mjög ákveðnar og sterkar skoðanir gagnvart íslam og má merkja það í málflutningi hennar en hann er hægt að kynna sér frekar á heimasíðu hennar: www.maryamnamazie.com

Stjórn MFÍK

María S. Gunnarsdóttir, formaður
Bergþóra Gísladóttir, varaformaður
Ragnhildur Kjeld, ritari
Anna S. Hróðmarsdóttir, gjaldkeri
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, erl. bréfitari
Arna Ösp Magnúsdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Hannesdóttir, meðstjórnandi
Margrét Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Helga Pálsdóttir, varamaður
Magnea Valdimarsdóttir, varamaður

Nettengdar félagskonur eru hvattar til að skrá sig á tölvupóstlista MFÍK. Vinsamlegast tilkynnið einnig ný heimilis- og netföng. Sendið tölvupóst á: maria@seltjarnarnes.is



**Vekjum athygli
á starfi MFÍK**
og gefum fleirum kost
á að taka þátt.
Tökum með okkur gesti og
nýja félaga á fundi.